

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 146/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Magnúsi Karlssyni

(Elínborg J. Björnsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1997. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 25. apríl 1997 kl. 16. Sóknaraðili reisir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, verður fallist á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Rannsókn máls þessa, sem er umfangsmikil og beinist að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi margra manna, er á frumstigi. Með vísan til þessa verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. apríl 1997 kl. 16.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Magnús Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1997.

Ár 1997, laugardaginn 29. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Magnúsi Karlssyni, kt. 140853-4619, Flétturíma 21, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

Skýringar kærða á aðdraganda og ástæðum viðskipta hans við Örn Karlsson og Má Karlsson eru ótrúverðugar, og með hliðsjón af gögnum málsins þykir grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að skjalafalsi og fjársvikum, rökstuddur, en það brýtur gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gæti því varðað hann fangelsi. Málið er umfangsmikið og rannsókn þess á frumstigi, en lögregla telur, að rannsóknin verði viðamikil og tímafrek. Fjölmargir virðast tengjast málinu með einhverjum hætti, en lögreglan hefur ekki enn haft ráðrúm til að kanna gögn í tölvu, sem lagt var hald á á heimili kærða í morgun. Í ljósi þess þykir ástæða til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, ef hann færi frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til föstudagsins 4. apríl nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Magnús Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. apríl 1997 kl. 16.00.
